

Samkomulag

Félags íslenskra hljómlistarmanna

og

Sinfóníuhljómsveitar Íslands

1.gr.

Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) hafa orðið ásátt um að eftirfarandi skuli gilda varðandi kaup og kjör þeirra sem ráðnir eru hjá SÍ til skemmri tíma en 30 þjónustur á hverju starfsári.

2.gr.

Fyrir hverja unna þjónustu skal greitt kr.27.128- fyrir hljóðfæraleikara allt að 35 ára aldri og kr. 27.790- fyrir hljóðfæraleikara 35 ára og eldri.

3.gr.

Þeir sem falla undir þetta samkomulag skulu boðaðir til allra þeirra þjónusta sem verk það (þau) er leikið sem þeir eru ráðnir til. Ef hljóðfæraleikari, sem fengið hefur afhentar nótur vegna fyrirhugaðra tónleika er afboðaður með minn en sólarhrings fyrirvara skal greiða laun sem svara til einnar þjónustu. Greitt er álag fyrir þjónustur sem eru um kvöld og helgar í samræmi við gr. 1.6.1 í kjarasamningi fastráðinna hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

4.gr.

Hver þjónusta standi í allt að 3,5 klst. en reiknist sem 4,0 klst.

5.gr.

Fyrir leik á aukahljóðfæri, eitt eða fleiri, greiðist 30% álag ofaná greiðslur skv. 2. gr. í samkomulagi þessu.

6.gr.

Heimilt er að útvarpa og sjónvarpa tónleikum sem hljómsveitin ákveður. SÍ fær ótakmarkaðan rétt til að nýta allan sýningar- og útgáfurétt á tónleikum. Réttur þessi nær til sýninga í hvers konar sjónvarpi ásamt útgáfu þeirra og dreifingar á sölu- og leigumyndböndum, mynddiskum (DVD), á interneti og til hvers konar nýtingar og endurnýtingar í öllum miðlum sem þekktir eru í dag eða kunna að þróast á komandi árum.

7.gr.

Sambærileg ákvæði gilda um ferðir utan Reykjavíkur og utanlands og gilda skv. kafla 5 í kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ

8.gr.

Um greiðslu orlofs fer skv. gr. 4.2, tryggingar eru í samræmi við kafla 7 og um veikindarétt fer í samræmi við gr. 12.2.4. í samningi fjármálaráðherra og SMFSÍ. Greiða skal 7,7% hljóðfæragjald ofan á laun skv. 2.gr. í samkomulagi þessu.

Fatapeningar verði 1.500 kr. fyrir hverja tónleika. Greiða skal félagsgjald 1,2%, 1% í sjúkrasjóð og 0,25% í orlofssjóð BHM.

9.gr.

Vinnulaun greiðast mánaðarlega eftir á, fyrsta virkan dag hvers mánaðar og yfirvinna í samræmi við venjur.

10.gr.

Meðan þeir sem vinna skv. samkomulagi þessu eru að störfum fyrir Sí er hljómsveitinni skylt að tryggja hljóðfæri fyrrnefndra á sambærilegan hátt og hljóðfæri þeirra sem vinna skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ.

11.gr.

Samkomulag þetta gildir frá 01.08 2018 og til 31.07 2019 og rennur út án uppsagnar.

Reykjavík, 19. júní 2018.

F.h. Sinfóníuhljómsveitar Íslands

með venjulegum fyrirvara

Arna Kristín Einarisdóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna

með venjulegum fyrirvara

Gunnar Hrafnsson